

Samkomulag

um hlutverk og rekstur Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna

Eftirtaldir aðilar gera með sér samkomulag um hlutverk og rekstur Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna fyrir tímabilið 1. janúar 2005 til 31. desember 2007:

Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, félagsmálaráðuneytið, Íbúðalánasjóður, Íslandsbanki hf., Kaupþing Búnaðarbanki hf, Landsbanki Íslands hf., Landssamtök lífeyrissjóða, Rauði kross Íslands, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sparisjóða, Samband íslenskra sveitarfélaga, og Þjóðkirkjan.

Heimilt er að fjölga aðilum að samkomulaginu ef 2/3 hlutar framkvæmdastjórnar Ráðgjafarstofunnar samþykkja það.

Lögheimili og varnarþing Ráðgjafarstofunnar er í Reykjavík.

Hlutverk Ráðgjafarstofunnar

1. gr.

Hlutverk Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna er eftirfarandi:

- Að veita einstaklingum og fjölskyldum sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum og eru komin í þrot með fjármál sín aðstoð við að öðlast heildarsýn yfir fjármál sín og leita leiða til lausnar. Einnig ef svo á við að gera greiðsluáætlanir, velja hentug úrræði og hafa milligöngu um samninga við lánardrottna í sérstökum tilfellum.
- Að greina ástæður greiðsluvanda einstaklinga og gera tillögur til úrbóta.
- Að stuðla að samstarfi þeirra sem starfa hjá aðilum þessa samkomulags og vinna að málefnum þeirra sem eiga í greiðsluerfiðleikum.
- Að veita umsækjendum Ráðgjafarstofu hjálp til sjálfshjálpar,
- Að vinna að fræðslustarfi fyrir almenning um fjármál heimilanna í því augnamiði að draga úr hættu á greiðsluerfiðleikum. Jafnframt að gefa út fræðsluefni og bæklinga varðandi málefnið.

Ráðgjöfin er endurgjaldslaus og óháð búsetu.

Framlög aðila til rekstrar Ráðgjafarstofu

2. gr.

Framlög aðila til rekstrar Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna skiptast milli þeirra með eftirfarandi hætti:

Aðilar að samkomulaginu	Framlög
ASÍ	150.000
BHM	150.000
BSRB	150.000
Félagsmálaráðuneyti	16.900.000
Íbúðalánasjóður	4.947.000
Íslandsbanki hf.	3.672.000
Kaupþing Búnaðarbanki hf.	3.672.000
Landsbanki Íslands hf.	3.672.000
Landssamtök lífeyrissjóða	318.000
Rauði Kross Íslands	150.000
Reykjavíkurborg	4.807.000
Samband íslenskra sparisjóða	3.672.000
Samband íslenskra sveitarfélaga	1.031.000
Þjóðkirkjan	387.000
	Samtals 43.678.000

Framlöggin eru á verðlagi í desember 2004 og taka breytingum í janúar ár hvert í samræmi við breytingar á launavísitölu Hagstofu Íslands, í fyrsta sinn í janúar 2006. Framkvæmdastjórn getur gert tillögu um breytingu framlaga.

Aðrar tekjur

3. gr.

Framkvæmdastjórn, sbr. 4. gr., er heimilt að gera þjónustusamninga til lengri eða skemmri tíma við aðra aðila sem ekki eru aðilar að samkomulaginu.

Kreditkort hf. og Samband íslenskra tryggingafélaga eru styrktaraðilar og greiða árlega styrktarframlag á gildistíma samkomulagsins, eftir nánari samningi þessara aðila við Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.

Framkvæmdastjórn

4. gr.

Framkvæmdastjórn fer með stefnumótun Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Í henni eru fimm einstaklingar sem tilnefndir eru til þriggja ára í senn:

- 1 fulltrúi frá félagsmálaráðuneyti,
- 1 fulltrúi frá Íbúðalánasjóði,
- 1 fulltrúi frá Reykjavíkurborg og
- 2 fulltrúar frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

Með stjórninni skal starfa starfsmaður úr félagsmálaráðuneyti.

Félagsmálaráðherra skal skipa formann framkvæmdastjórnar. Fyrir setu í stjórn skal greiða þóknun samkvæmt ákvörðun þóknunarnefndar.

Félagsmálaráðherra getur ákveðið að fjölga stjórnarmönnum í sjö að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar.

Þeir sem sitja fundi framkvæmdastjórnar eru bundnir þagnarskyldu lögum samkvæmt.

Forstöðumaður

5. gr.

Framkvæmdastjórn Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna gerir tillögu til félagsmálaráðuneytis um ráðningu forstöðumanns. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk í samráði við formann framkvæmdastjórnar. Forstöðumaður annast daglegan rekstur og ber ábyrgð á fjárreiðum Ráðgjafarstofu gagnvart félagsmálaráðuneyti sem fer með fjárvörslu stofunnar. Forstöðumaður framfylgir ákvörðunum framkvæmdastjórnar og leggur árlega fram starfs- og fjárhagsáætlun sem skal samþykkjast af framkvæmdastjórn. Þessar áætlanir skulu vera í samræmi við markmið og hlutverk Ráðgjafarstofu.

Forstöðumaður situr fundi framkvæmdastjórnar með tillögurétt og málfrelsi.

Umsóknir um ráðgjöf

6. gr.

Umsóknir um aðstoð frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og viðtöl skal fara með sem trúnaðarmál og eru allir ráðgjafar bundnir þagnarskyldu lögum samkvæmt.

Umsækjandi undirritar samþykki á umsókn þess efnis að Ráðgjafarstofu sé heimilt að afla upplýsinga um fjárhagsstöðu umsækjanda.

Vinnu- og verklagsreglur varðandi umsóknir og meðferð þeirra skulu settar af framkvæmdastjórn.

Endurskoðun reikninga

8. gr.

Reikningsár Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna er almanaksárið. Ársreikningar skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun

Ársfundur Ráðgjafarstofu

9. gr.

Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna skal fyrir lok apríl ár hvert gefa út ársskýrslu og halda ársfund fyrir aðila að rekstri stofunnar þar sem gera skal grein fyrir starfsemi liðins árs og kynna starfsemina.

Gildistími, breytingar á samkomulaginu

10. gr.

Samkomulag þetta gildir fyrir tímabilið 1. janúar 2005 til 31. desember 2007. Fyrir 1. júní 2007 skal tekin ákvörðun um framhald rekstrar Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.

Reykjavík, 17. febrúar 2005

f.h. félagsmálaráðuneytis

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Íbúðalánasjóðs

f.h. Kaupþings Búnaðarbanka hf.

f.h. Íslandsbanka hf.

f.h. Landsbanka Íslands hf.

f.h. Sambands íslenskra sparisjóða

f.h. ASÍ

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

f.h. BSRB

f.h. Sambands ísl. sveitarfélaga

f.h. Þjóðkirkjunnar

f.h. BHM

f.h. Rauða kross Íslands